

Akraneskaupstaður
Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri
Stíllholti 16-18
300 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130600059/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akraneskaupstaðar 2005 - 2017, á svæði Akurshóls við Akursbraut

Vísað er til erindis byggingar- og skipulagsfulltrúa Akraneskaupstaðar er barst 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akraneskaupstaðar 2005 – 2017 við Akursbraut, nánar tiltekið milli Akursbrautar og Suðurgötu.

Áformað er að breyta aðalskipulagi Akraness 2005 – 2017 á þann veg að óbyggðu svæði við Akursbraut verði breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Áætlað er að á svæðinu verði framkvæmdir vegna ferðaþjónustu sem tengist höfn og sjósókn. Á svæðinu yrði gert ráð fyrir nokkrum litlum gistiskálum.

Svæði fyrir verslun og þjónustu


Umhverfisstofnun telur mikilvægt ef breyta á óbyggðu svæði í svæði fyrir verslun- og þjónustu, að þjónustu og verslunarlóðir verði deiliskipulagðar í beinu framhaldi af athafnasvæði við Akursbraut (A2) og að skilið verði eftir grænt belt milli íbúðabyggðar og svæðis fyrir verslun og þjónustu til að koma í veg fyrir hávaðamengun á kvöldin og um helgar frá þjónustusvæði yfir á íbúðasvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í væntanlegu deiliskipulagi verði fullt tillit tekið til íbúðabyggðar í nágrenni Akurhóls.


Gistiskálar

Hvað varðar uppsetningu lítilla gistiskála á svæðinu, bendir stofnunin á að rúmgott tjaldsvæði er við Garðalund og þar er gert ráð fyrir gistiskálum. Að mati Umhverfisstofnunar er heppilegt að gistiskálar séu staðsettir á tjaldsvæði.

Stofnunin telur ekki heppilegt að reisa gistiskála svo nálægt íbúðabyggð sem ofangreind lýsing gerir ráð fyrir, vegna mismunandi þarfa íbúa og ferðamanna.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

